

8. Í Eyjafirði innan línu, sem hugsast dregin frá nyrzta odda Hálshöfða vestan fjarðarins, þvert yfir um syðsta odda Hriseyjar, beina stefnu yfir í Svinárnes.
9. Á 3ja mílna belti kringum Grímsey miðað við strandlengju eyjarinnar.
10. Á tímabilinu 15. júní til 31. ágúst n. k. á innanverðum Skjálfanda innan línu, sem hugsast dregin úr Brikurskeri við vestanverðan flóann um Lundey í Stórhöfða við austanverðan flóann.
11. Á tímabilinu 15. júní til 31. ágúst n. k. á innanverðum Axarfirði innan línu, sem hugsast dregin úr Gerðibrekkuhaus að vestan í Grímshafnartanga að austan.
12. Á tímabilinu 1. september til 31. október n. k. á innanverðum Axarfirði innan línu, sem hugsast dregin úr ós Naustár að sunnan í Grímshafnartanga að norðan.
13. Í Axarfirði innan línu, sem hugsast dregin úr Leirhafnartanga að sunnan í Grjótanes að norðan.
14. Á svæði innan línu, sem hugsast dregin frá Ásmundarstaðarey norðan Raufarhafnar í Melrakkanes.
15. Í Þistilfirði innan línu, sem hugsast dregin úr Rakkanesi vestan fjarðarins í Grenjanes austan hans.

Bátum, sem skráðir eru og gerðir hafa verið út frá verstöðvum á hinum leyfðu veiðisvæðum fyrir Norðurlandi, verður einum veitt leyfi til að veiða á þeim svæðum, en hins vegar verða þeim ekki leyfðar dragnótaveiðar annars staðar innan fiskveiðilandhelginnar.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 13. júní 1968.

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðakauptúni.

Eftir heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Egilsstaðahrepps, hefur eftirfarandi verið ákveðið varðandi umferð í Egilsstaðakauptúni:

1. Biðskyldumerki verða sett við þessar götur, gagnvart Fagradalsbraut, þ. e. Lagarás, Selás, Skógarlönd, Kaupvang, óskirða götu neðan við Símsstöð og Egilsstaðaveg.
2. Biðskyldumerki verða sett við þessar götur gagnvart Selási, Skjólbrekku, Lagarás og Laufás. Einnig við götuna Lómatjörn gagnvart Skógarlöndum.
3. Bílastöður verða bannaðar báðum megin Skjólbrekku, og allur akstur bannaður á efri hluta götunnar á milli Lómatjarnar og Laufáss.

Umferðarmerki verða sett upp í samræmi við auglýsingu þessa.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, 11. júní 1968.

Valtýr Guðmundsson.